

Umsögn sveitarfélagsins Flóahrepps - Lagning ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjarsand yfir Þjórsá og Hólsá

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir;Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Eydís Þ. Indriðadóttir <eydis@floahreppur.is>
Heiti : Umsögn sveitarfélagsins Flóahrepps - Lagning ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjarsand yfir Þjórsá og Hólsá
Málsnúmer : 202201099
Málsaðili : Ljósleiðarinn ehf.
Skráð dags : 10.02.2022 11:54:47
Höfundur : Eydís Þ. Indriðadóttir <eydis@floahreppur.is>
Viðhengi Ljósleiðaralögn - Þjórsá og Hólsá - greinargerð.pdf
image001.jpg

Góðan daginn

Sveitarstjórn Flóahrepps afgreiddi beiðni um umsögn vegna lagningar ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjarsand með eftirfarandi bókun á 258. fundi sínum dags. 08.02.2022.

„Erindi frá Skipulagsstofnun - umsagnarbeiðni - Ljósleiðaralögn - Þjórsá og Hólsá

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er óskað eftir umsögn Flóahrepps um hvort þörf sé á mati á umhverfisáhrifum vegna lagningar ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjarsand yfir Þjórsá og Hólsá. Sveitarstjórn Flóahrepps telur að innan framlagðrar fyrirspurnar um matsskyldu sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Sveitarstjórn telur að uppbygging á grundvelli fyrirspurnar sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnar eru eftir atvikum háðar útgáfu framkvæmdaleyfa af hálfu sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.“

Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps tilkynnist hér með.

Eydís Þ. Indriðadóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps

Flóahreppur
Þingborg
803 Selfoss
www.floahreppur.is
floahreppur@floahreppur.is
Sími: 480 4370

From: Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>

Sent: föstudagur, 4. febrúar 2022 10:43

To: Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>

Subject: Lagning ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjarsand yfir Þjórsá og Hólsá

Góðan dag,

Ljósleiðarinn ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 4. febrúar 2022, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Flóahreppur gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Flóahreppur telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Flóahreppur telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Tilkynning framkvæmdaraðila er meðfylgjandi.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 5. mars 2022 á tölvupóstföngin:
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is og skipulag@skipulag.is.

Með kveðju,

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency


Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun





**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Hvolsvöllur, 21. febrúar 2022

Mál nr. 2111111

Efni: Umsögn er varðar þverun Hólsár með ljósleiðara.


Sveitarfélagið Rangárþing eystra hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar, dags. 4. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn vegna mögulegra umhverfisáhrifa vegna framkvæmda við lagningu ljósleiðarastrengs undir botn Hólsár. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í framkvæmdarlýsingu er gert ráð fyrir því að leggja ljósleiðarastreng frá Þorlákshöfn að Landeyjasandi. Þlægja þarf strenginn undir Þjórsá og Hólsá og er sá hluti framkvæmdarinnar sem hér er verið að fjalla um. Fyrir liggur umsögn Fiskistofu, dags. 10.11.2021 og umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 25.10.2021. Sveitarfélagið tekur undir umsögn Hafrannsóknarstofnunar um að takmarka umferð um framkvæmdasvæðið sem mest þannig að minni líkur séu á því að skaðlegir vökvar berist frá vinnuvélum og tækjum í vatnsföllin. Gæta þarf sérstaklega að lífríki Hólsár þar sem um er að ræða upptök þriggja af aflahæstu laxveiðiám landsins, þ.e.a.s. Þverá í Fljótshlíð og Eystri- og Ytri Rangá.

Rangárþing eystra bendir á að liggja þarf fyrir samþykki allra landeigenda, sem hagsmuna eiga að gæta, áður en framkvæmdarleyfi verður veitt. Sækja þarf um framkvæmdarleyfi til sveitarfélagsins sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Sveitarfélagið Rangárþing eystra gerir ekki frekari athugasemdir við tilkynningu Ljósleiðarans ehf. vegna framkvæmdar við lagningu ljósleiðara undir Hólsá.

Virðingarfyllt



Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárbings eystra

Umsögn Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 47 : 2202019 - Lagning ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjasand.

Til : Skipulagsstofnun - SLS;Þórdís Stella Erlingsdóttir
Frá : Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Heiti : Umsögn Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 47 : 2202019 - Lagning ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjasand.
Málsnúmer : 202201099
Málsaðili : Ljósleiðarinn ehf.
Skráð dags : 08.02.2022 08:23:56
Höfundur : Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Viðhengi image002.jpg
image001.jpg

Góðan dag

Hér er niðurstaða frá fundi Skipulags- og umferðarnefndar Rangárþings ytra frá fundi þeirra í gær, birt með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar, en fundur þeirra verður næstkomandi fimmtudag 10. febrúar.

2202019 - Lagning ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn í Landeyjasand.

Ljósleiðarinn ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 4. febrúar 2022, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Rangárþing ytra gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd. Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Rangárþing ytra telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Rangárþing ytra telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila. Tilkynning framkvæmdaraðila er meðfylgjandi. Frestur til að skila inn umsögn hefur verið veittur til 5. mars nk.

Skipulagsnefnd telur að greinilega sé brugðist við þeim áhrifum sem umrædd framkvæmd kunnir að hafa á umhverfi sitt með þeim hætti að ekki verði um veruleg neikvæð áhrif að ræða. Skipulagsnefnd telur að fullnægjandi grein sé gerð fyrir framkvæmdinni í framlagðri greinargerð með tilkynningunni. Umhverfisáhrif hafa verið lágörkuð með fullnægjandi mótvægisáðgerðum og vöktun. Skipulagsnefnd telur því að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

Samþykkt

Með kveðju,



RANGÁRÞING YTRA

Haraldur
Birgir
Haraldsson
Skipulags- og
byggingafulltrúi

Sími 4887000
Heimasíða
www.ry.is
Facebook
[/rangarthing-ytra](https://www.facebook.com/rangarthing-ytra)
Suðurlandsvegi 1-
3, 850 Hella



HEILSUEFLANDI SA Rangárþing y

vellíðan fyrir al

Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 9. mgr. 47 gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar. Hvorki má lesa, skrá, afrita né notfæra sér póstinn á nokkurn hátt og ber viðkomandi að tilkynna samstundis að hann hafi ranglega borist sér. Loks er þess óskað að tölvupósti þessum og viðhengjum hans verði eytt. Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður.

Viðaukar

Viðauki 1 Umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna þverunar Þjórsár og Hólsár



Gagnaveita Reykjavíkur
Elísabet Guðbjörnsdóttir
verkefnastjóri

Selfossi 25.10. 2021

Efni; þverun Þjórsár og Hólsár með jarðstreng.

Með tölvupósti 18. október sl. óskaði Gagnaveita Reykjavíkur eftir umsögn um hugsanleg áhrif á lífríki vegna fyrirhugaðra framkvæmda við þverun Þjórsár og Hólsár. Til stendur að þvera árnar með því að plægja niður jarðstreng. Tilgangur lagningarinnar er að styrkja tengingar GR við sæstreng Farice og þar með efla öryggi ljósleiðaralagna í landinu. Strengurinn sem verður lagður er 14mm ljósleiðarastrengur, með styrktri kápu. Ekkert rafmagn verður lagt í árnar. Strengurinn verður plægður niður með ýtu. Grafa fer á eftir til að þrýsta létt á botninn og loka plógsári ef þörf er á. Strengurinn er í raun að tengjast frá Landeyjasandi og inn í Þorlákshöfn en stefnan er að þvera Þjórsá fyrir landi Fljótshóla 2, 3 og yfir í land Háfs um 100m ofar en strengur Mílu liggur í dag. Fyrirhugað er að þvera Hólsá til móts við Tobbakot í Þykkvabæ. Meðfylgjandi voru myndir (mynd 1 og 2) sem sýndu fyrirhugaða lagnaleið þverunar.



Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir fyrirhugaða lagningarleið, jjóluhláa línan, á jarðstreng yfir Þjórsá.



Mynd 2. Yfirlitsmynd yfir fyrirhugaða lagningarleið, fjóluþlúa línan, á jarðstreng yfir Hólsá.

Hér verður fjallað um áhrif þverunar á lífríki í vatni og veiðinytjar.

Lífríki og veiðinytjar

Þjórsá er með blönduðum dragár, jökuls- og lindaréinkennum. Langtíma meðalrennslí árinna við Urriðafoss er um $358 \text{ m}^3/\text{sek}$. Sex vatnsaflsvirkjanir eru á vatnasvæðinu og áform eru um frekari virkjanir. Í kjölfar virkjana hafa orðið miklar rennslisbreytingar í Þjórsá. Vegna söfnunar vatns í miðlunarlón hefur rennslí yfir vetrarmánuðina aukist en minnkað yfir sumarmánuðina. Á rennslisleið vatnsins um lón og í stöðuvötn fellur hluti jökulaurisins út. Þannig hefur tilkoma virkjanalóna minnkað þann aur sem berst niður Þjórsá (Eyðis Salóme Eiríksdóttir 2017), sem að jafnaði ætti að hafa jákvæð áhrif á lífríki árinna. Mikil gengd laxfiska er í Þjórsá og þar er stunduð öflug stang- og netaveiði. Stangveiði hefur verið vaxandi á vatnasvæðinu á síðustu árum. Munar þar sérstaklega um stangveiði í Þjórsá sjálfri, en einnig hefur iðkun stangveiði verið að aukast í þveránum ofan fiskstíga við Búða. Tíu ára meðalveiði á laxi (2011 – 2020) á vatnasvæðinu er 4.661 laxar. Á sama árabili veiddust að meðaltali 716 urriðar og 16 bleikjur. Mat á gæðum búsvæða fyrir laxfiska sýnir að víða eru góð uppeldissvæði fyrir laxfiska í Þjórsá, það sýna seiðarannsóknir einnig. Neðan við Urriðafoss og að ósi í sjó er í botni víðast hvar fin möl og sandur, sem er mun síðri til uppeldis seiða laxfiska en grófarí botn. Á það einkum við fyrir laxaseiði. Engu að síður hafa seiðarannsóknir sýnt að á svæðinu er hrygning og uppeldi laxaseiða (Magnús Jóhannsson o.fl. 2002).

Hólsá er hluti af vatnasvæði Rangánna (Ytri- og Eystri Rangá). Hólsá er þar sem þverá sameinast Ytri-Rangá og er hún um 10 km löng. Rangárnar eru að stofni til lindár. Árnar og þverár þeirra eru frá náttúrunnar hendi silungsr með lítilsháttar af laxi. Á síðustu áratugum hefur miklu magni laxagönguseiða verið árlega sleppt í árnar sem hefur skilað þeim árangri að nú er þar stunduð öflug stangveiði á laxi. Seiði þessi alast ekki að neinu marki upp í ánum heldur ganga til sjávar stuttu eftir að þeim er sleppt í árnar. Ytri- og Eystri-Rangá hafa mörg síðustu ár verið meðal aflahæstu laxveiðia á Íslandi. Að meðaltali hafa veiðist 9.595 laxar

í Rangánum og Hólsá síðustu 10 ár. Silungsveiðin á sömu árum hefur að meðaltali verið 329 urriðar og 68 bleikjur. Að auki ganga um Hólsárós laxfiskar úr Þverá í Fljótshlíð en þar byggist veiði einnig að mestu á sleppingum gönguseiða laxa. Samkvæmt veiðiskráningu eru veiðinýttjar allnokkrar og var meðalveiði árána 1995 – 2019 í Þverá; 140 laxar, 84 urriðar og 5 bleikjur. Laxveiði þar var 616 laxar árið 2020. Urriðarnir sem veiðast á vatnasvæði Rangánna eru flestir sjógengnir (sjóbirtingur) en bleikjurnar líklega staðbundnar þ.e. ganga ekki til sjávar. Bleikjuveiði hefur dregist saman en urriðaveiðin haldið nokkuð sínu. Silungsveiðin byggist að mestu á náttúrulegum fiski sem elst upp í ánum.

Búsvæði laxfiska hafa verið metin í Rangánum (Magnús Jóhannsson 2011, Magnús Jóhannsson og Þórólfur Antonsson 1998). Botn meginvatnsfallanna er fremur fínn og óvíða er að finna grófgrýtt svæði sem henta vel til uppeldis laxaseiða. Botngerð í Hólsá er að mestu leir og sandur en þar finnst einnig fín mól. Vatnshiti ána er stöðugur og fremur lágur næst upptökum, fer sjaldnast yfir 6 °C. Árnar ná að hlýna nokkuð að sumarlagi og mælingar neðar í Ytri-Rangá sýna sólarhringsmeðalhita 7–10 °C yfir sumarmánuðina. Á sólríkum hlýjum dögum getur árhitiinn á neðri svæðum árinna og í Hólsá farið yfir 12 °C. Náttúrulegt laxleysi Rangánna skýrist líklega að mestu af því að fín botngerðin hentar ekki laxi og á stórum svæðum er vatnshiti í lægra lagi fyrir lax.

Umsógn

Seiði laxfiska halda sig gjarna á grýttum búsvæðum í ám og lækjum, þar sem botnferni er fínt (leir, sandur) og þar sem er slétt klöpp eru búsvæði rýrari. Laxfiskar nota malarsvæði til hrygningar. Þar sem fyrirhugað er að þvera Þjórsá og Hólsá er botnferni aðallega sandur með fínni mól og því ekki kjöraðstæður til uppeldis seiða. Þar var þó að finna seiði laxfiska. Engu að síður getur þverunin haft neikvæð áhrif á seiði og annað lífríki í vatni, einkum á meðan framkvæmdir fara fram. Áhrifin eru einkum vegna röskunar á botni og gruggunar árvatnsins. Afföll í seiðastofnum geta haft áhrif á fiskgengd, veiðimöguleika og viðgang stofna síðar. Um árnar gengur mikið magn laxfiska í sjó sem gönguseiði og svo lax og sjóbirtingur eftir veru í sjó. Gruggugt árvatnið getur haft neikvæð áhrif á fiska í göngu og eru gönguseiðin viðkvæmari en fiskur á leið úr sjó. Gönguseiði eru á leið til sjávar að vori og fram á sumar. Grugg frá framkvæmdum getur einnig haft neikvæð áhrif á veiðinýtingu sem er að vori fram á haust.

Við framkvæmdir þarf sérstaklega að hafa eftirtalda þætti í huga til að lágmarka áhrif á lífríki og veiðinýtingu.

- 1) Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla svo sem að grugga það upp að óþörfu.
- 2) Hindra að olía eða aðrir skaðlegir vökvar smitist frá vinnuvélum og tækjum í eða við vatnsföll.
- 3) Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið og umferð farartækja um farveginn eins og kostur er.
- 4) Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.
- 5) Gætt sé sérstaklega að meðferð eldsneytis og annarra efna sem gætu verið skaðleg lífríkinu.

Samráð verði haft við landeigendur og veiðifélög um framkvæmdina. Mikilvægt er að verktakar verði upplýstir um umhverfisáhrif og hvernig best sé að verki staðið. Lífríki og vistkerfi í vatni eru ekki jafn sýnileg og á landi þótt þar gildi flest sömu lögmál varðandi áhrif framkvæmda.

Vakin er athygli á að í lögum um lax- og silungsveiði nr. 61, 2006 segir: „Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofnu“.

Ef rétt er að staðið er ekki að sjá að umræddar framkvæmdir hafi umtalsverð áhrif á lífríki eða veiðinýtingu í Þjórsá og Hólsá.

Heimildir

Eydís Salóme Eiríksdóttir 2017. Áhrif virkjana á rennsli og vatnalíf á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár. Haf- og vatnarannsóknir HV 2017-036: 105 bls.

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson, Erla Björk Örnólfsdóttir, Sigurður Guðjónsson og Ragnhildur Magnúsdóttir 2002. Rannsóknir á lífríki Þjórsár vegna virkjana í Þjórsá neðan Búrfells. Veiðimálastofnun, VMST-S/02001: 124 bls.

Magnús Jóhannsson 2011. Endurmal á búsvæðum fyrir laxfiska á vatnasvæði Ytri-Rangár-Hólsár. Veiðimálastofnun, VMST/11054: 21 bls.

Magnús Jóhannsson og Þórólfur Antonsson 1998. Mat á búsvæðum fyrir laxfiska á vatnasvæði Eystri-Rangár. Veiðimálastofnun, VMST-S/98002X: 21 bls.


F. h. Hafrannsóknastofnun



Magnús Jóhannsson

Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (18.160 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 20/2021. Reikningur verður sendur í heimabanka.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



Mynd 1. Þverun Pjórsár og Hólsár með 14 mm ljósleiðarastreng (Pjórsá: 63° 47.209'N, 20° 46.318'W; Hólsá: 63° 43.935'N, 20° 33.785'W).



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Gagnaveita Reykjavíkur

Elísabet Guðbjörnsdóttir Elisabet.Gudbjornsdottir@ljósleidarinn.is

Smáratorgi 3
201 Kópavogur

Þriðjudagur, 8. mars 2022
MÍ202203-0017/ 6.10 / U.Æ.

Minjavörður Suðurlands

Bankavegur
800 Selfoss

(354) 570 13 16
(354) 898 88 52

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Ljósleiðari á milli Hallgeirseyjar og Þorlákshafnar

Minjastofnun Íslands barst erindi þann 7.1.2022 frá Elísabetu Guðbjörnsdóttur fyrir hönd Ljósleiðarans ehf. (áður Gagnaveita Reykjavíkur). Þar er óskað eftir umsögn stofnunarinnar vegna lagningar stofnlagnar ljósleiðara frá sæstreng við Hallgeirsey í Landeyjum vestur að Þorlákshöfn. Fylgigögn: Pdf-uppdráttur þar sem lögnin er sett ofan á loftmynd.

Beðist er velvirðingar á þeim tögum sem orðið hafa á afgreiðslu málsins. Það vill til að óhentugt er að vinna fornleifaskráningu þegar snjór er yfir öllu.

Fyrirhugaður ljósleiðari liggur um fimm sveitarfélög, Ölfus, Árborg, Flóahrepp, Rangárþing ytra og Rangárþing eystra. Ljósleiðarinn mun liggja að langstærstum hluta meðfram vegum en þó eru blettir þar sem farið er yfir óraskað land. Fornleifar hafa verið skráðar á hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og til eru skýrslur þess efnis:

Fornleifaskráning í landi Þorlákshafnar 2021 – Vettvangsskráning og söguágrip. Verkefnisnúmer 2675. VG-rannsóknir. Hermann J. Hjartarson og Vala Garðarsdóttir. Skráning fyrir aðalskipulag. 2021, Reykjavík.

Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla II. Verkefnisnúmer 2267. Fornleifastofnun Íslands ses. Ritstj. Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Reykjavík, 2017.

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs jarðstrengs og ljósleiðara frá Selfossi að Þorlákshöfn. Verkefnisnúmer 2281. Fornleifafræðistofan. Bjarni F. Einarsson. Reykjavík, 2013.

Heildstæðustu skráningarnar eru vestan Ölfusár en þó er einnig búið að fornleifaskrá mikið í Flóahreppi:

Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi – áfangaskýrsla IV, seinna bindi. Verkefnisnúmer 2538. Fornleifastofnun Íslands ses. Ritstj. Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Reykjavík, 2018.

Austan Hólmsár fer fornleifaskráningarskýrslum fækkandi.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Vinnan sem fyrir höndum er gengur að mestu út á að taka saman skráningargögn og yfirfara; keyra eftir vegunum þar sem ljósleiðarinn mun liggja og ganga úr skugga um að minjar séu ekki við vegi, þ.e. í lagnastæðinu. Einnig þarf að ganga 30 m spildu þar sem lagnastæðið liggur yfir óraskað land þegar jörð er auð.

Framkvæmdaaðili ræður sér fornleifafræðing sem mun sjá um verkefnið og skila skýrslu við verklok til verkkaupa og Minjastofnunar Íslands. Skráninguna skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu af aðila sem býr yfir sérþekkingu og reynslu á sviði fornleifaskráningar. Minjar skulu mældar upp og færðar á kortagrunn þannig að skýrt komi fram umfang minjanna. Útlínur skráðra minja og helgunarsvæði þeirra skulu koma fram á uppdrætti. Ef krækja þarf fyrir minjar er sjálfsagt að sú breyting á lagnaleið komi fram á uppdrætti sem og þær fornleifar sem krækt er fyrir.

Ef stór álitamál koma upp við skráningu skal bera þau undir minjavörð sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Uggi Ævarsson
Minjavörður

@frit sent: skipulag@skipulag.is skipulag@olfus.is antonkh@arborg.is
vigfus@utu.is birgir@ry.is bygg@hvolsvollur.is